

1. Almennt

Tengigjöld skulu greidd fyrir hverja tengingu hú sveitu við dreifikerfi Orkuveitunnar í samræmi við gildandi verðskrá.

Tengigjald greiðist þegar umsókn hefur verið samþykkt af Orkuveitunni og áður en til afhendingar orku eða vatns kemur.

Sé fyrirsjáanlegt, vegna fjarlægðar eða annarra aðstæðna, að kostnaður við lagningu heimlagna verði meira en 50% hærra en gildandi verðskrá segir til um, er Orkuveitunni heimilt að láta umsækjandi greiða þann kostnað til viðbótar.

Verði breyting gerð á deiliskipulagi húss eða lóðar sem hefur í för með sér breyttan inntaksstað eða breytta legu heimlagna ber lóðarhafi allan kostnað sem hlýst af færslu eða breytingu dreifi- eða heimlagna.

Ef heimlagn verður lengri en 20 m innan lóðar umsækjanda í þéttbýli er Orkuveitunni heimilt að innheimta aukalega allan kostnað vegna lagna umfram 20 m.

Orkuveitunni er heimilt að setja frekari skilyrði varðandi heimlagin í frístundahús, hesthús og þess háttar, t.d. varðandi lágmarkshlutfall umsækjenda í hverfi, staðsetningu inntaks og tilhögun móttökubúnaðar.

Þar sem ekki er dagleg viðvera er krafa um að settir verði upp tengiskápar utandyra, á kostnað umsækjanda, sem innihalda nauðsynlegan inntaksbúnað og eru aðgengilegir starfsmönnum Orkuveitunnar. Slíkir tengiskápar þurfa að vera viðurkenndir af Orkuveitunni og vera aðgengilegir til tengingar og eftirlits. Þessi krafa gildir t.d. fyrir hesthús og frístundahús.

Orkuveitan ákveður stærð og gerð mæli- og stjórnækja sem notuð eru við sölu raforku og vatns.

Dragi umsækjandi umsókn til baka eða geri á henni breytingar er Orkuveitunni heimilt að innheimta þann kostnað sem þegar hefur verið stofnað til.

Heimlagin eru eign Orkuveitunnar nema sérstaklega sé um annað samið. Með greiðslu tengigjalda öðlast notandi afnotarétt af heimlagn.

Húseiganda er óheimilt að byggja yfir, reisa sólpall eða á annan hátt hindra aðkomu að heimlögnum vegna bilunar eða til endurnýjunar nema með viðeigandi ráðstöfun í samráði við Orkuveituna.

2. Nýjar heimlagin

Gjald fyrir nýjar heimlagin er ákvarðað í verðskrá Orkuveitunnar.

Heimlagnareikningur er gefinn út þegar Orkuveitan hefur samþykkt umsókn ásamt tilskyldum fylgigögnum og staðfest að umsækjandi uppfylli skilyrði fyrir tengingu. Reikningur greiðist áður en kemur til afhendingar orku eða vatns en gjaldfellur annars 30 dögum eftir útgáfu og ber dráttarvexti eftir það.

Inntaksstaður heimlagna á að vera við útvegg húss, götuhlið eða þeirri hlið sem snýr að dreifilögnum Orkuveitunnar. Heimilt er þó að staðsetja inntaksstað innar í húsi þegar heimlagin fara inn um ídráttarrör í samræmi við verklagið „Allar veitur – ein tenging“ (LAV-102). Hönnuði er skylt að kynna sér skilmála Orkuveitunnar og staðsetningu lagna hennar.

Ef bráðabirgðaheimlögn er tengd við þá lögn við lóðarmörk sem þjóna á viðkomandi húsi varanlega verður sú bráðabirgðaheimlögn aftengd um leið og aðalheimlögn er lögð inn í hús í samræmi við umsókn.

3. Stækkun heimlagna

Fyrir stækkun heimlagnar vegna aukinnar notkunar er greitt fyrir hina nýju heimlögn í samræmi við verðskrá. Ef styrkja þarf stofnlagnir þ.m.t. háspennulagnir eða leggja nýja heimlögn lengri leið eins og að sverari stofnlögn, dælustöð eða spennistöð ber umsækjandi þann kostnað til viðbótar, enda um að ræða breytingu á skipulagsforsendum sem lágu fyrir við hönnun dreifikerfa. Umsækjandi ber einnig kostnað við yfirborðsfrágang innan sinnar lóðar.

4. Breyting eða færsla

Óski húseigandi eftir breytingu eða færslu heimlagnar vegna breytinga á skipulagi húss eða lóðar ber hann allan kostnað af þeirri breytingu eða færslu. Kostnaður miðast við áætlaðan raunkostnað og greiðist af umsækjanda áður en verkið hefst. Orkuveitan getur sett það skilyrði að húseigandi sjái um alla jarðvinnu innan sinnar lóðar. Umsækjandi ber alltaf kostnað af yfirborðsfrágangi innan sinnar lóðar.

5. Aftenging heimlagna og endurtenging

Sækja þarf skriflega um aftengingu heimlagna. Endanleg aftenging aðalheimlagna vegna niðurrifs húss er gjaldfrjáls. Fyrir tímabundna aftengingu er greiddur raunkostnaður. Aftenging bráðabirgðaheimlagna er gjaldfrjáls sé viðkomandi heimlögn á sama tíma tengd sem aðalheimlögn í samræmi við umsókn.

Þegar sótt er um heimlögn/lagnir í nýbyggingu eða aðflutt hús á lóð þar sem áður var búið að sækja um aftengingu heimlagna vegna niðurrifs eða brottnáms húss er greitt fyrir nýjar heimlagnir samkvæmt eftirfarandi reglu: Sé sótt um nýja heimlögn/heimlagnir innan 2ja ára frá aftengingu og af sömu stærð og fyrir var/voru greiðir umsækjandi áætlaðan raunkostnað við aftengingu og nýja tengingu. Sé sótt um síðar og einnig ef sótt er um aðra stærð heimlagna en fyrir voru greiðir umsækjandi fyrir nýjar heimlagnir í samræmi við verðskrá.

6. Heitt vatn, sérákvæði

Stærð heimæðar ákvarðast af Orkuveitunni og miðast við stærð húsnæðis í rúmmetrum eða ósk húseiganda um vatnsmagn í umsókn.

Ein tengigrind er innifalin í hverju tengigjaldi. Fyrir hverja aukatengigrind greiðist aukalega 10% af heimæðargjaldi sömu málstærðar og aukatengigrindin. Aukatengigrind er viðbót við þá tengigrind sem fyrir er.

Verði heildarlengd heimæðar meiri en 50 m er Orkuveitunni heimilt að láta umsækjanda greiða til viðbótar 2% af viðkomandi heimæðargjaldi fyrir hvern metra umfram 50 m. Fyrir lögbýli og heilsárhús í dreifbýli er miðað við 70 m.

Verði heimæð það löng að reikna megi með að hitastig vatns verði undir viðmiðunarmörkum miðað við áætlað rennsli er Orkuveitunni heimilt að hafna umsókn eða setja umsækjanda skilyrði eins og að láta þinglýsa þeirri kvöð á húsið að ekki verði gerð nein krafa á Orkuveituna vegna hitastigs undir viðmiðunarmörkum.

Fyrir 3000 m³ hús og minna á húseigandi að nota mát og beygjur fyrir inntak í samræmi við verklagið „Allar veitur – ein tenging.“ (LAV-102) Orkuveitan grefur skurð og leggur sveigjanlega heimæð í ídráttarröri sem tengist veggmáti og inntaksbeygju.

7. Kalt vatn, sérákvæði

Hver lóð á aðeins rétt á einni heimæð á því verði sem kveðið er á um í verðskrá. Þó er almennt lögð sér heimæð í hverja einingu þar- og raðhúsa og sér einingar atvinnuhúsnæðis verði því við komið. Verði óskað eftir annarri heimæð í sömu húseign, greiðir umsækjandi raunkostnað við lögn og tengingu og ber sjálfur ábyrgð á viðhaldi hennar.

Vatn til annarra nota en til heimilisnota er mælt um rennismæli. Verði mælingu ekki við komið greiðir notandi notkunargjald miðað við áætlun Orkuveitunnar.

Ein tengigrind er innifalin í hverju tengigjaldi. Fyrir hverja aukatengigrind greiðist aukalega 10% af heimæðargjaldi sömu málstærðar og aukatengigrindin. Aukatengigrind er viðbót við þá tengigrind sem fyrir er.

Þegar sótt er um byggingavatn lánar Orkuveitan sérstakan byggingavatnaskrana með tæmingarloka sem hún tengir við heimæðarenda. Fyrir vatnið er greitt daggjald í samræmi við verðskrá þar til sótt er um aftengingu.

Húseiganda ber að leggja ídráttarrör fyrir kaldavatnsheimæð frá inntaki og út að heimæðarstút við lóðarmörk. Ídráttarrörið á að vera tveimur stærðarflokkum gildara en stærð heimæðar sem sótt er um. Ídráttarrörið á að leggja á um 120 cm dýpi og ber húseigandi ábyrgð á legu þess. Ef notuð eru inntaksmát og inntaksbeygjur í samræmi við verklagið „Allar veitur – ein tenging“ (LAV-102) sér Orkuveitan um að grafa og leggja ídráttarrör frá veggmati að lóðarmörkum.

8. Rafmagn, sérákvæði

Húseigandi leggur til aðalvör í samræmi við málstærð heimtaugar. Hámarksstærð heimtaugar samkvæmt verðskrá er 710 A. Óski notandi eftir stærri heimtaug er verð grundvallað á kostnaðarútreikningi fyrir hvert tilvik. Fyrir heimtaug stærri en 2400 A er gerður samningur sem tekur til afhendingarspennu, afhendingar heimtaugar, heimtaugagjalds og mælingar.

Sé nauðsynlegt að setja upp dreifistöð (spennistöð) vegna tiltekinnar húsveitu, og ef hún er að mestu leyti notuð í þágu hennar, er eiganda hennar skylt að leggja Orkuveitunni til lóð eða húsnæði undir stöðina samkvæmt sérstöku samkomulagi. Hann skal í öllu hlíta skilmálum Orkuveitunnar um stærð lóðar og staðsetningu stöðvar.

Í samræmi við Reglugerð um framkvæmd raforkulaga nr. 1040/2005 er Orkuveitunni heimilt að krefjast greiðslu kerfisframlags af nýjum viðskiptavini ef væntanlegar tekjur dreifiveitu af hans viðskiptum standa ekki undir eðlilegum stofn- og rekstrarkostnaði. Þetta gildir einnig ef styrkja þarf raforkukerfið vegna umsóknar um stækkun heimtaugar.

Fyrir heimtaugar 63 A og minni á húseigandi að leggja 50 mm ídráttarrör frá inntaksstað að heimtaugarenda við lóðarmörk. Ef notuð eru inntaksmát og inntaksbeygjur í samræmi við verklagið „Allar veitur – ein tenging“ (LAV-102) sér Orkuveitan um að grafa og leggja ídráttarrör frá veggmati að lóðarmörkum.

Þar sem því verður við komið getur viðskiptamaður óskað eftir tengingu við dreifikerfi Orkuveitunnar til skammtímanotkunar. Gjald fyrir slíka tengingu er samkvæmt verðskrá Orkuveitunnar. 55% álag bætist við vinnu utan dagvinnutíma sem er virka daga frá kl. 08:00 til kl. 16:00.

9. Fráveita, sérákvæði

Fráveituheimæðar eru eign húseiganda að tengingu við fráveitukerfi Orkuveitu Reykjavíkur við mörk lands sveitarfélagsins svo sem við götu, gangstétt eða opið svæði. Í nýjum hverfum og þar sem nýjar lóðir eru stofnaðar í eldri hverfum, eru tengistaðir heimæða við fráveitu, regnvatn og skólþ, tilgreindir á hæðarblaði.

Í eldri hverfum þar sem heimæðastútar eru ekki til staðar annast húseigandi lagningu heimæða sinna að tengingu við fráveitukerfi OR á mörkum við land sveitarfélagsins nema um annað sé samið.

10. Frístundahús, sérákvæði

Heimlagirnir í frístundahús verða ekki lagðar að vetri til. Ekki verður tekið við umsókn um nýja heimlögn frá 1. október til 1. apríl. Miðað er við að lagnavinnu verði lokið í lok október og hefjist ekki aftur fyrr en eftir miðjan apríl. Í frístundahúsum leggur umsækjandi til inntaksskápa í samræmi við sérskilmála, annars vegar fyrir heitt vatn (LAV-300) og hins vegar fyrir rafmagn (LAV-200). Umsækjandi greiðir aukalega 2% af viðkomandi heimæðargjaldi fyrir hvern metra umfram viðmiðunar lengd sem er 100 m fyrir heitt og kalt vatn en 150 m fyrir rafmagn.

11. Tilvísun í verðskrá og aðra skilmála Orkuveitunnar

Leiðbeiningar:

LAV-100; Tenging við dreifikerfi Orkuveitu Reykjavíkur.

LAV-102; Allar veitur – ein tenging.

LAV-200; Skilmálar fyrir tengingu við rafmagnsveitu.

LAV-300; Skilmálar fyrir tengingu við hitaveitu.

LAV-400; Skilmálar fyrir tengingu við vatnsveitu.

LAV-500; Skilmálar fyrir tengingu við fráveitu.

Gæðaskrár:

Lög og reglugerðir er varða starfsemi OR.